



Alþingi
Erindi nr. P 128/398
komudagur 3.12.2002

2. desember 2002
Dags. yðar: 21. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 347. mál, heildarlög, EES-reglur

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 347. mál, heildarlög, EES-reglur.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að ákvæði frumvarpsins byggji á þeim grunni sem lagður hefur verið í gildandi lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 13/1996, og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Í frumvarpinu sé síðan gerð tillaga að heildarlöggjöf sem hefur að geyma hegðunarreglur og réttindi og skyldur í verðbréfavíðskiptum. Um leið er lagt til í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem lagt hefur verið fram samhliða þessu frumvarpi að ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamíðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, verði hluti af heildarlögum um fjármálafyrirtæki. Auk þessa eru innleidd í íslensk lög ákvæði nokkurra tilskipana á sviði fjármálaþjónustu að hluta eða öllu leyti.

Seðlabanki Íslands fékk fyrr á árinu tækifæri til að kynna sér drög að frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti, og gerði í því sambandi að beiðni viðskiptaráðuneytisins umsögn um tiltekin atriði í þeim frumvarpsdrögum. Við það tækifæri voru einnig gerðar nokkrar aðrar athugasemdir sem að mestu leyti hefur verið tekið tillit til í fyrirbyggjandi frumvarpi.

SEÐLABANKI ÍSLANDS


KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK


SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabanki Íslands vekur athygli á að skýrara sé og í samræmi við önnur hliðstæð ákvæði frumvarpsins að bæta við orðinu „fjárhagslega“ á undan orðinu „ótengdum“ í 2. tl. 14. gr. Einnig er bent á að ekki virðist vera samræmi á milli greina frumvarpsins varðandi formlega upptalningu á atriðum sem þar eru greind, þar sem sums staðar er stór stafur í upphafi hvers liðar, eins og t.d. í 1. og 23. gr., eða lítill stafur í upphafi hvers liðar, eins og t.d. í 14. og 28. gr. Þá er einnig um það að ræða að stór stafur sé í upphafi fyrsta liðar en lítill stafur í síðari liðum, eins og t.d. í 34. gr.

Seðlabanki Íslands telur frumvarpið vera til bóta og mælir með að það verði samþykkt.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri